

## REGLUGERÐ

### um notkun staðlaðra eyðublaða við birtingu opinberra útboðsauglýsinga samkvæmt lögum um opinber innkaup.

#### 1. gr.

Við gerð og birtingu tilkynninga og auglýsinga um opinber innkaup og samninga, sbr. 78.-81. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup, ber að hafa hliðsjón af fyrirmyndum þeim sem birtar eru sem viðaukar við gerðir sem vísað er til í 2. gr.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á eftirtöldum ESB-gerðum, sem vísað er til í XVI. viðauka (Opinber innkaup) samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með þeirri aðlögun sem fram kemur í viðkomandi ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar:

- a. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1564/2005 frá 7. september 2005 um að taka upp stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB og 2004/18/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006 frá 2. júní 2006.
- b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1150/2009 frá 10. nóvember 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1564/2005 að því er varðar stöðluð eyðublöð fyrir birtingu auglýsinga við opinber innkaup í samræmi við tilskipanir ráðsins 89/665/EBE og 92/13/EBE, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2011 frá 1. júlí 2011.

Viðaukar við gerðir sem vísað er til í þessari grein teljast viðaukar við reglugerð þessa.

#### 3. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1564/2005 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 68/2008, 20. nóvember 2008, bls. 431. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, nr. 44/2006, 7. september 2006, bls. 18.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1150/2009 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55/2011, 7. október 2011, bls. 340. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2011 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, nr. 54/2011, 6. október 2011, bls. 68.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 78. gr. laga nr. 84/2007, um opinber innkaup, öðlast þegar gildi og kemur í stað reglugerðar nr. 1300/2007 um notkun staðlaðra eyðublaða við birtingu opinberra útboðsauglýsinga samkvæmt lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup.

*Fjármálaráðuneytinu, 8. júní 2012.*

F. h. r.

**Þórhallur Arason.**

*Guðrún Ögmundsdóttir.*